

BRÁÐABIRGÐALÖG

117

24. júní

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nú hafi verið ákveðið að nota heimild 3. gr. laga nr. 59 30. des. 1939, um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, til að gefa út reglugerð um það, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi og að núverandi styrjaldarástand geri ákvörðun þessa og framkvæmd hennar nauðsynlega strax.

Í síðari málsgrein fyrnefndrar lagagreinar er hinsvegar ákveðið, að reglugerð slík, sem að framan getur, skuli ekki öðlast gildi fyrr en 3 mánuðum eftir að hún er gefin út. Á þessu verður ráðin bót með því að nema úr gildi með bráðabirgðalögum þessa málsgrein.

Með því að ráðuneytið fellst á, að nauðsyn beri til að gefa út reglugerð um framangreint efni og að láta hana öðlast gildi þegar í stað, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að kr. 100000,00.

2. gr.

3. gr. laga nr. 59 30. des. 1939 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. júní 1940.***Jakob Möller. Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

Jakob Möller.